

Árný Sigurðardóttir

Frá: Olof.Magnusdottir@reykjavik.is
Sent: mánudagur, 13. janúar 2020 16:06
Til: Heilbrigðiseftirlit; USK Þjónustu netfang; Árný Sigurðardóttir
Efni: Fw: BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innheimta hundaskatts fari í uppbyggingu á hundasvæðinu á Geirsnefi við Elliðaárvog - R20010132

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Tilvísun í mál: R20010132

Sæl

Meðfylgjandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins er vísað til meðferðar umhverfis- og heilbrigðisráði til meðferðar. Upplýsa skal borgarráð um málsmeðferð þegar hún liggur fyrir .

Kveðja,
Ólöf Magnúsdóttir
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur
s. 411 4703
olof.magnusdottir@reykjavik.is

R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innheimta hundaskatts fari í uppbyggingu á hundasvæðinu á Geirsnefi við Elliðaárvog - R20010132

BORGARRÁÐ 9. janúar 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innheimta hundaskatts fari í uppbyggingu á hundasvæðinu á Geirsnefi við Elliðaárvog - R20010132

Flokkur fólksins leggur til að lagfæringar verði gerðar á hundasvæðinu í Geirsnefi við Elliðaárvog og sá peningur sem innheimtur er með hundaskatti verði nýttur til þess. Hér er um að ræða útileikvang sem hundaeigendum er ætlaður í Reykjavík. Geirsnefið er til skammar fyrir borgina vegna hirðuleysis. Það er ekkert gert til að betrubæta þetta svæði. Þarna er vaðandi drulla og engin aðstaða fyrir fólk sem er að viðra hundana sína, svo sem bekkir og annað, til að tilla sér á, og göngustígar sem í rigningatið eru eitt forarsvað. Hundaeigendur eru upp til hópa mjög ósáttir við að vera rukkaðir um tæp 19 þúsund á ári, fé sem rennur beint í borgarsjóð. Innheimta þessa gjalds er einsdæmi og þekkist ekki í nágrennalöndum. Það er því lágmark að gjaldið sé notað í þágu dýranna og notað m.a. til að betrubæta aðstöðu hundaeigenda. Gjaldið er notað að stóru leyti í yfirbyggingu og rekstur Hundaeftireftirlitsins. Fjölmargir telja að árlegt hundaleyfisgjald sé barn síns tíma og það eigi að fella niður með öllu. Sagt er að gjaldið sé notað til að þjónusta alla borgarbúa en engu að síður eru hundaeigendur aðeins rukkaðir. Í þessu er engin

sanngirni. Reykjavík er ekki hundavinsamleg borg og tímabært að færa dýrahald borgarinnar til nútímans og í þeim efnum taka þá mið af hvernig málum er háttað í nágrennalöndum okkar.

Umsagnir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um eftirfarandi tillögur lagðar fram í borgarráði þann 9. janúar 2020. Báðar tillögur eru merktar málsnúmeri R20020232:

Erindi innkomið 13. janúar kl. 16:06 – Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innheimta hundaskatts fari í uppbyggingu á hundasvæðinu á Geirsnefi – R20010132.

Heilbrigðiseftirlitið vill leiðrétta orðalag sem fram kemur í tillögunni þar sem talað er um „hundaskatt“. Um er að ræða þjónustugjöld og slíkum gjöldum er ekki ætlað að standa undir uppbyggingu aðstöðu t.d. fyrir hunda og hundeiganda eða sinna viðhaldi á lóðum og lendum sveitarfélaga. Reykjavíkurborg hefur hingað til hefur staðið undir slíkum kostnaði.

Í ákvæðum 12. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík nr. 478/2012 kveður á um að gjöldum sé ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktarinnar. Í 1. gr. gjaldskrár fyrir hundahald í Reykjavík nr. 1189/2016 er kveðið á um sama. Í leiðbeinandi reglum um gerð gjaldskráa vegna heilbrigðiseftirlits frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu nr. 254/1999 er ekki gert ráð fyrir slíkum kostnaði inn í eftirlitsgjöld heilbrigðisnefnda. Samkvæmt þeim leiðbeiningum eru settar skorður við, hvað innheimta

má með þeim þjónustugjöldum og aldrei má innheimta meira en nemur kostnaði við veitta þjónustu. Framkvæmdir í þágu hundaeigenda yrðu líklega ekki samþykktar sem hluti af þjónustu við hundaeigendur eða íbúa, heldur miklu fremur almennar framkvæmdir sveitarfélagsins. HER leggur til að starfshópi um endurskoðun þjónustu við gæludýraeigendur verði send tillagan til skoðunar.

Reykjavík 16. janúar 2020
Árný Sigurðardóttir